











## Fella- og fjallgönguverkefnið: „Upp í sveit“ 2021

Fell eða fjall	Bílastæði og gönguleið	Saga	Gönguleið
 <p><b>Kerhóll í Grímsnes- og Grafningshreppi</b> Vegalengd: 500 m, hækkun 40 m, göngutími upp: 15 mín.</p>	<p>Ekið eftir Búrfellsveg, nr. 351, síðan beygt inn malarveg ca. 100 metrum norðan við gámassvæðið við Seyðishóla. Keyrt upp á milli hóla og bílum lagt beint á móti innkeyrsluna inní malarnámuna. Þar er P- skilti með upplýsingum. Stikuð gönguleið.</p>	<p>Kerhóll er á náttúruminjaskrá og er gjallklepragígur, ein af tólf eldstöðvum er mynduðu Grímsneshraun. Þetta er eitt minnsta eldstöðvakerfi landsins og virkt fyrir um 7000 árum. Rauði liturinn á gjallinu stafar af oxun járnsins í kvikunni (hematít).</p>	
 <p><b>Stóragil við Laugarvatn,</b> Vegalengd: 1,4 km, hækkun: 40 m hækkun, göngutími upp: 35 mín.</p>	<p>Ekið er inn að gömlu tjaldmiðstöðinni á Laugarvatni (Gullkistan) og byrjar gönguleiðin á bak við einbýlishúsið sem er þar aftan við. Gengið er innað og síðan upp með lækjarfarveginum frá Stóragili. Leiðin meðfram lækjarfarveginum er greinileg en er stikuð þar sem hún er óljós eða þörf er á hliðrun.</p>	<p>Innarlega er komið að stórum og sérstökum kletti sem heitir Arnarklettur. Póstkassinn með gestabókinni er staðsettur þar innan við (bláa línán) en þó áður en komið er að svokallaðri Trúlofunarhríslu. Bæði að henni og upp að hellir er svolítið brölt yfir steina og grjót (rauða línán).</p>	

Fell eða fjall	Bílastæði og gönguleið	Saga	Gönguleið
 <p><b>Langholtsfjall í Hrunamannahrepp</b>, frá Álfaskeið Vegalengd: 700m, hækkun: 76 m , göngutími upp: 20 mín.</p>	<p>Ekið er inná Langholtsveg/Auðsholtsveg, nr. 340 og 341, afleggjarinn að Álfaskeið á móts við veginn að Syðra-Langholti. Gengið frá tjaldsvæðinu á Álfaskeiði upp um Hellisskarðið. Leiðin er ekki stikuð en slóði er sjáanlegur upp Hellisskarðið og þaðan upp að möstrum sem eru á toppnum. Fjallið er ekki erfitt uppgöngu og er tilvalið að taka alla fjölskylduna með. Létt ganga, hækkun um 150 m. Frábært útsýni.</p>	<p>Fyrir um 114 árum kom Friðrik áttundi Danakonungur við á Álfaskeiði. Þar áði konungur og fylgdarlið hans á leið sinni frá Þingvöllum, Gullfossi og Geysi. Þar var boðið upp á mjólk frá Birtingaholti, sódavatn og kampavín. Á Álfaskeið hélt ungmennafélagið í sveitinni reglulegar útsamkomur frá árinu 1908 og var Álfaskeið við upphaf síðustu aldar því miðstöð útihátíða á Suðurlandi.</p>	
 <p><b>Hagafjall í Skeiða- og Gnúpverjahrepp</b> Vegalengd: 3.4 km, hækkun: 340 m hækkun, göngutími upp: 1 klst. og 45 mín.</p>	<p>Ekið er framhjá Árnosi eftir Þjórsárdalsvegi, nr. 32. Gönguleiðin byrjar 900 m austan við afleggjaran að bænum Hagi. Þar er príla yfir girðingu og er leiðin stikuð þaðan. Á góðum degi er útsýnið frá Hagafjalli/Selfitafjalli mjög gott til allra átta, t.d. Þjórsá, Heklu, og Þjórsárdal. Póstkassinn er á Selfitafjalli (473 m) sem er hæsti punktur Hagafjalls og með flottu útsýni.</p>	<p>Beint fyrir ofan þar sem gönguleiðin byrjar má sjá í fjallinu klettgnípu mjög háa, uppmjóa og ávið bogna og er áþekkt kerlingu í hempu með hettu. Hún er kölluð Líkný en hún var skessa í Hagafjalli. Upp á Selfitafjalli má finna vörðu sem strokufangar bjuggu til til að halda á sér hita en það var 1958 að þeir struku þegar þeir voru að vinna við fjárflutninga upp í Þjórsárdal.</p>	

	<p>Akið Búrfellsveg nr. 351 og byrjar gönguleiðin um 400 metra austan við afleggaran að bænum Búrfell. Leggja má bifreið við upplýsingaskilti ca. 300 metra inneftir línuveginum sem er austan við túnið. Fjallið Búrfell er kollótt móbergsfjall sem liggur norður suður og nær í um 536 m. hæð yfir sjávarmál. Útsýnið af Búrfelli er frábært og sjá má stóran hluta af sunnlenska fjallhringnum.</p>	<p>Uppi á fjallinu Búrfelli er forn gígur með vatni í, sem myndast hefur við þeytigos. Þjóðsögur herma að göng séu á milli gígsins á Búrfellsfjalli og Kersins í Grímsnesi, og að þar búi nykur, en það er grár hestur sem hófarnir og eyrun snúa öfugt á. Ef einhver fór á bak nykursins þá hljóp hann með viðkomandi að vatninu í Kerinu eða á Búrfelli og stakk sér til sunds og drekkti þeim sem á baki var.</p>	
<p><b>Búrfell í Grímsnes- og Grafningshreppi</b> Vegalengd: 3.3 km, hækkun: 445 m hækkun, göngutími upp: 2 klst og 15 mín.</p>			

Ábendingar má senda inn til [heilsueflandi@blaskogabyggd.is](mailto:heilsueflandi@blaskogabyggd.is), einnig má finna fleiri upplýsingar inná „Heilsueflandi Uppsveitir“ á [www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Fella- og fjallgönguverkefnið er hluti af Heilsueflandi Uppsveitir sem er samstarfsverkefni sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu.

